



FYRIRSPURN

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistasflokksins um verkefni atvinnu- og borgarþróunarteymis frá 14. september 2022

Þann 14. september 2022 lagði fulltrúi Sósíalistasflokksins fram eftirfarandi fyrirspurnir í kjölfar kynningar á starfsemi atvinnu- og borgarþróunarteymis á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Fulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn: Eitt hlutverk atvinnu- og borgarþróunarteymis er að fjalla um atvinnuþróun, og eiga í samstarfi við svokallaða hagaðila. Fulltrúi sósíalista óskar eftir ítarlegri skilgreiningu á því hvað teymið lítur á sem hagaðila. Sömuleiðis er óskað eftir ítarlegu yfirliti yfir þá einstaklinga sem hafa settið fundi með teyminu annað hvort sem hagaðilar sjálfir eða sem fulltrúar hagaðila eða í þessu samstarfi á síðasta kjörtímabili. Einnig er óskað eftir hvert efni þeirra funda hefur verið, ef þær upplýsingar liggja fyrir. Fara þessi samtöl fram að ósk teymisins eða sækjast umræddir hagaðilar eftir viðtölum við það?

Hér á eftir koma svör við spurningum sem eru dregin út úr fyrirspurninni.

- 1. Hver er skilgreining atvinnu- og borgarþróunarteymisins á „hagaðila“*

Það er ekki í verkahring einstakra starfseininga borgarinnar að búa til sínar eigin skilgreiningar á hugtökum. Starfseiningar, og raunar allir borgarstarfsmenn, vinna eftir samþykktri stefnumörkun borgarinnar og þeim skilgreiningum sem borgin vinnur samræmt eftir. Í þessu tilfelli er teymið að vinna samkvæmt atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar sem var samþykkt á vordögum 2022 og bendum við því fulltrúum á að kynna sér stefnuna til nánari skýringar á hugtökum. Það er þó hægt að benda á að orðið hagaðili er samheiti „haghafa“ sem hugtakalisti til notkunar við stefnumótun málefnasviða og -flokka, tekinn saman af stefnuráði Stjórnarráðsins skilgreinir sem¹: „Einstaklingar, hópar eða skipulagsheildir sem hafa beinan eða óbeinan hag af tiltekinni ákvörðun eða athöfnum.“
- 2. [Ó]skað [er] eftir ítarlegu yfirliti yfir þá einstaklinga sem hafa settið fundi með teyminu annað hvort sem hagaðilar sjálfir eða sem fulltrúar hagaðila eða í þessu samstarfi á síðasta kjörtímabili.*

Reykjavíkurborg er ekki með kerfi fyrir „stjórnun viðskiptatengsla“ (e. Customer Relationship Management system) og því engin leið til þess að taka út endanlegt yfirlit yfir alla fundi og alla aðila sem eiga í formlegum og óformlegum samskiptum við teymið. Stafrænt ráð gæti beint því til þjónustu- og nýsköpunarsviðs að setja slíkt kerfi ofar í forgangsroð verkefna ef mikill áhugi er fyrir þessum upplýsingum en óskað hefur verið eftir CRM kerfi í tengslum við stafræna vegferð borgarinnar.

¹ Stjórnarráð Íslands, <https://www.stjornarradid.is/gogn/stefnur-og-aaetlanir/hugtakalisti/>



3. *[Ó]skað eftir [upplýsingum um] hvert efni þeirra funda hefur verið [?]*
Vísað er í fyrra svar þar sem ekki er kerfi sem heldur utan um samskiptasögu borgarinnar við einstaka aðila. Efni funda teymisins við innlend fyrirtæki falla þó almennt í þrjá flokka: 1. aðili hefur áhuga á lóð fyrir íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. 2. Aðili vinnur að uppbyggingu í Reykjavík og vantar aðstoð við einhvern hluta ferilsins. 3. Aðili er með starfsemi í Reykjavík og hefur hugmynd að framþróun í þjónustu borgarinnar. 4. Aðili er með nýsköpunarhugmynd sem hann telur eiga erindi við Reykjavíkurborg.
4. *Fara þessi samtöl fram að ósk teymisins eða sækjast umræddir hagaðilar eftir viðtölum við það?* Flest samtöl eru vegna beiðni viðkomandi aðila um fund með Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllt,

Óli Örn Eiríksson
*Teymisstjóri Atvinnu- og borgarþróunarteymis
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara*